

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 16. febrúar 1981

um breytingu á viðaukum tilskipana ráðsins 66/401/EBE, 66/402/EBE og 69/208/EBE um markaðssetningu fóðurjurtafræja, sáðkorns og olíu- og trefjajurtafræja og tilskipunum 78/386/EBE og 78/388/EBE

(81/126/EBE)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

um við tilskipun 69/208/EBE um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽⁸⁾.

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

Rétt er að slaka á kröfum um staðla er varða ákvörðun á fjölda *Rumex*-fræja í vottuðu fræi annarra fóðurjurta nema vafi leiki á hvort skilyrðin, sem mælt er fyrir um í tilskipun 66/401/EBE, séu uppfyllt.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/401/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 80/754/EBE ⁽²⁾, einkum 21. gr. a,

Nauðsynlegt er að endurskoða ákvæðin í tilskipun 66/402/EBE um hámarksþyngd vörueininga fræja af tegundinni *Zea mays* til að fullnægja skilyrðum fyrir opinbera athugun á fræjum sem fram fer í samræmi við gildandi alþjóðlegar reglur.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 66/402/EBE frá 14. júní 1966 um markaðssetningu sáðkorns ⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 79/692/EBE ⁽⁴⁾, einkum 21. gr. a,

Rétt er að laga staðla um hámarksfjölda fræja af öðrum jurtategundum í hampfræjum að þeim gæðum sem fræið nær yfirleitt.

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 69/208/EBE frá 30. júní 1969 um markaðssetningu olíu- og trefjajurtafræja ⁽⁵⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 80/304/EBE ⁽⁶⁾, einkum 20. gr. a,

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari tilskipun eru í samræmi við ákvörðun fastanefndar um fræ og fjölgunar-efni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í ljósi aukinnar þekkingar á sviði tækni og vísinda ber að breyta I. og II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE, III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE og II. viðauka við tilskipun 69/208/EBE af ástæðum sem fram koma hér á eftir.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Breyta ber skilyrðum sem ræktunin og fræin þurfa að uppfylla, að meðtöldum stöðlum um hreinleika afbrigða og stofna, til samræmis við kerfi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD) fyrir vottfestingu fræafbrigða og fræstofna í alþjóðaviðskiptum. Því ber að breyta dagsetningum fyrir gildistöku sem mælt er fyrir um í fyrsta lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 78/386/EBE frá 18. apríl 1978 um breytingu á viðaukum við tilskipun 66/401/EBE um markaðssetningu fóðurjurtafræja ⁽⁷⁾ og í fyrsta lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 78/388/EBE frá 18. apríl 1978 um breytingu á viðauk-

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á I. viðauka við 66/401/EBE:

1. Í 4. lið komi „af öðrum tegundum eða stofnum en *Pisum sativum* og einklóna stofnum *Poa spp.*, sem fengnir eru með kynlausri æxlun,“ í stað „af öðrum tegundum eða stofnum en *Pisum sativum*, *Brassica napus* var. *napobrassica*, *Brassica oleracea* convar. *acephala*, *Raphanus sativus* ssp. *oleifera* og einklóna stofnum *Poa spp.*, sem fengnir eru með kynlausri æxlun.“

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. 125, 11. 7. 1966, bls. 2298/66.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 207, 9. 8. 1980, bls. 36.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 125, 11. 7. 1966, bls. 2309/66.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 205, 13. 8. 1979, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 169, 10. 7. 1969, bls. 3.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 68, 14. 3. 1980, bls. 33.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 113, 25. 4. 1978, bls. 1.

⁽⁸⁾ Stjtið. EB nr. L 113, 25. 4. 1978, bls. 20.

2. Við 4. lið bætist eftirfarandi málslíður: „þegar um er að ræða tegundirnar *Pisum sativum*, *Brassica napus* var. *napobrassica*, *Brassica oleracea* convar. *acephala*, *Raphanus sativus* spp. *oleifera* og einklóna stofna *Poa spp.*, sem fengnir eru með kynlausri æxlun, á aðeins fyrsti málslíður við.“

2. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 66/401/EBE:

Í 14. dálki, atriði 2A í I. hluta undir GRAMINEAE er bókstafnum (n) bætt við fyrir allar tegundir nema *Phleum bertolonii* og *Phleum pratense*.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á III. viðauka við tilskipun 66/402/EBE:

Í 2. dálki töflunnar komi talan 40 í stað tölunnar 20 fyrir *Zea mays*.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á II. viðauka við tilskipun 69/208/EBE:

Í 5. dálki, atriði 2A, I. hluta komi talan 30 í stað 10 fyrir *Cannabis sativa*.

5. gr.

Í stað fyrsta undirliðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 78/386/EBE komi eftirfarandi:

„— ákvæðum 1. mgr. 1. gr., að því er varðar 3. og 4. lið I. viðauka 1. janúar 1981,

— ákvæðum 2. mgr. 1. gr., að því er varðar 1. lið I. hluta II. viðauka og 1. lið II. hluta II. viðauka 1. janúar 1982.“

6. gr.

Í stað fyrsta liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 78/388/EBE komi eftirfarandi:

„— ákvæðum 1. mgr. 1. gr., að því er varðar 3. lið I. viðauka og 2. mgr. 1. gr. tilskipunar þessarar, að því er varðar 1. lið I. hluta II: viðauka 1. janúar 1982.“

7. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að:

— ákvæðum 1., 5. og 6. gr. 1. janúar 1981,

— öðrum ákvæðum þessarar tilskipunar eigi síðar en 1. júlí 1982.

2. Aðildarríkin skulu tryggja að engar markaðshindranir verði settar á fræ af þeirri ástæðu að þessi tilskipun komi til framkvæmda á mismunandi tíma, í samræmi við annan undirlið 1. mgr.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. febrúar 1981.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Poul DALSAGER

framkvæmdastjóri.